# Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis Drangahrauns og Skútahrauns Hafnarfirði.
# Skútahraun 6.

Hafnarfjörður.
www.hafnarfjordur.is




HLUTI GILDANDI DEILISKIPULAGS SAMÞ. Í SKIPULAGS OG BYGGINGARÁÐI HAFNARJARÐAR ÞANN 27 JÚLÍ 2008, OG Í BÆJARRÁÐI HAFNARFJARÐAR 7 ÁGÚST 2008.

GREINARGERÐ:
Deiliskipulag sem í gildi er fyrir Skútahraun 6.
Á lóðinni er slökkvistöð, "Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins", hluti af starfsemi slökkvistöðvarinnar er að þar er staðsettur neyðarbjörgunarbúnaður og aðstöðuhús fyrir björgunar og leitarhunda.
Í gildi er deiliskipulag fyrir „IÐNAÐARSVÆÐI DRANGAHRAUN -SKÚTAHRAUN“ samþykkt í skipulags og byggingaráði Hafnarfjarðar þann 27 júlí 2008, og í bæjarráði Hafnarfjarðar þann 7 ágúst 2008.
Þar segir um almenna skilmála: Við hönnun húsa á reitnum skal sérstaklega fylgja ákvæðum eldvarnareftirlits um hitageislun milli húsa en hún má ekki vera meiri en 12kw/m² á vegg næsta húss.
Fjöldi bílastæða á lóð skal vera í samræmi við 64.gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 m.s.br., það er 1 bílastæði fyrir hverja 35 m² verslunar- og skrifstofuhúsnæðis og 1 bílastæði fyrir hverja 50 m² af öðru húsnæði.
Athafnasvæði innan lóða skulu vera í samræmi við starfsemi í húsunum og þess gætt að ferming og afferming flutningstækja geti farið fram innan lóða.
Setja skal bundið slitlag á bílastæði, plön og ganga frá gangstéttum. Ganga skal snyrtilega frá sorpgeymslum og skerma þær af á þrjá vegu með vegg sem er jafnhár eða hærri en geymslurnar. Þá skal planta a.m.k. þremur barrtrjám á hverja lóð samtímis lóðarfrágangi.
Búseta verður ekki leyfð á skipulagsreitnum.
Í gildandi deiliskipulagi kemur fram eftirfarandi sem gildir sérstaklega fyrir lóðina Skútahraun 6:

| | |
|---|---|
| Stærð lóðar: | 8.400,7 m². |
| Byggðir m²: | 1.684,0 m². |
| Byggingaár: | 2002. |
| Núverandi nhl.: | 0,18. |
| Hámarks m²: | 2.500,0 m². |
| Hámarks nhl.: | 0,35. |
| Hámarks vegghæð: | 7,0 m. |
| Hámarks mænishæð: | 9,5 m. |




BREYTT SKIPULAG.

GREINARGERÐ:
Breytingar á deiliskipulags skilmálum fyrir lóðina nr. 6 við Skútahraun fela í sér meðal annars að markaður er sérstakur byggingareitur í suðaustur hluta lóðarinnar 1.400 m² fyrir æfingarhús/ skýli fyrir reykköfun og björgunarstörf, hluti af þeirri starfsemi felur í sér notkun og meðhöndlun á gasi.
Þá er í norðaustur hluta lóðarinnar afmarkaður reitur fyrir neyðarbúnað / björgunarbúnað, eins og rafstöðvar og önnur tæki og tól sem nauðsynleg eru vegna starfsins sem tilheyrir slökkvi og björgunarstöð.
Þá er sýnt að lóðin verður girt með 2 m hárri girðingu.
Landhalli á á lóðarmörkum Skútahrauns 4 og 6 verður leystur er með grjótfláa.
Eftir breytingu verður leyfilegt nýtingarhlutfall 0,35.
Samkv. mæliblaði frá 27. 07. 2008 (Iðnaðarsvæði II- Bæjarhraun) er lóðin 9.612,5 m².

| | |
|---|---|
| Leyfileg hámarks vegghæð bygginga er: | 7,0 m. |
| Leyfileg hámarks mænishæð bygginga er: | 9,5 m. |



Hluti af aðalskipulagi Hafnarfjarðar. (2013-2025).

## SKÝRINGAR

- STAÐSETNING BREYTINGAR.
- DEILISKIPULAGSMÖRK
- VEGHELGUN
- GANGSTÉTT
- 1-2 H — H = FJÖLDI HÆÐA
- GIRÐINGAR
- NÝR BYGGINGAREITUR
- GÁMASVÆÐI

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við A-lið 2. gr. Samþykktar um embættisfærslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði var samþykkt í

skipulags- og byggingaráði Hafnarfjarðar þann................2019.

Í bæjarráði Hafnarfjarðar þann.......................2019.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann .......................2019 .

Breyting á deiliskipulagi í iðnaðarsvæði Drangahrauns og Skútahrauns Hafnarfirði.
Skútahraun 6.

Mælikvarði: 1:1000
Dagsetning útgáfu: 12 september. 2017.
Blaðstærð: A2.


STH. teiknistofan ehf.
Teiknað: Sig. Þ.
Yfirfarið: V.Þ.S.
Strandgötu 11
220 Hafnarfirði
kt. 510298-2769
Sími 5651510
teiknistofan@simnet.is